

og uppboðsskilmálar hafa að öðru leyti verið efndir, lýsir uppboðshaldari yfir því, að fasteignin Arnartangi 35, Mosfellshreppi, þingl. eign Gísla Árnasonar, en talin eign Lárusar Hauks Jónssonar, sé héðan í frá lögleg eign uppboðskaupenda Gísla Árnasonar og Sigrúnar M. Ragnarsdóttur með öllu múr- og naglföstu og með öllu, sem eigninni fylgir og fylgja ber og með öllum sömu réttindum yfir eigninni og fyrra eiganda hennar báru yfir henni. — Hirði hinir nýju eigendur eignarinnar arð og greiði kostnað af eigninni frá uppboðsdegi.

Afmá skal úr veðmálabókum skuld samkv. skuldabr. útg. 7/9, 1979, Iðnaðarbanki Íslands (2. veðr.), skuld samkv. skuldabr. útg. 15/1, 1981, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, (3. veðr.), skuld samkv. skuldabr. útg. 19/4, 1982, Samvinnubankinn (5. veðr.) og skuld samkv. skuldabr. útg. 9/11, 1982, Landsbanki Íslands (10. veðr.), en öll önnur veðbönd skulu áfram standa veðtryggð í hinni seldu eign.

Þriðjudaginn 13. maí 1986.

Nr. 111/1984. **Jón Ármann Héðinsson**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni

f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk

(Hákon Árnason hrl.)

Aðild. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1984. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda var ekki sótt þing er málið skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt þar á meðal skýrsla um aðalfund A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 3. maí 1982, skýrsla skiptaforstjóra til skiptaréttar Senju um gjaldþrotameðferð á búi Fiskernes Redskapsindustri A/S 7. maí 1984, bréf skiptaréttar Senju til lögmanns áfrýjanda 18. september 1984 og bréf Einars Steinlands f.h. skilaneftndar A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 2. október 1985 með áritaðri staðfestingu skiptaréttar Senju 3. október 1985.

Kröfu sína um sýknu byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu heldur hafi stefndi átt að beina kröfu sinni að Hringnót hf. enda hafi hann komið fram gagnvart stefnda sem starfsmaður þess fyrirtækis. Þá er því einnig haldið fram að A/L Fiskernes Redskapsfabrikk sé ekki réttur aðili máls þessa því félagið hafi selt Fiskernes Redskapsindustri A/S allar eignir sínar fastar og lausar, þar á meðal umrædda kröfu, þegar í októbermánuði 1982. Það félag hafi svo orðið gjaldþrota í febrúar 1984.

Um efni kröfunna er því haldið fram að andvirði nótar þeirrar, sem fjallað er um, hafi farið til að greiða kostnað við viðgerð hennar og geymslu hjá Hringnót hf.

Það kemur fram af gögnum þeim sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt að Fiskernes Redskapsindustri A/S var stofnað 14. júní 1982 til þess að sameina starfsemi A/S Fiskeredskap í Alverstraumen og A/L Fiskernes Redskapsfabrikk á Finnsnesi. Þá kemur einnig fram í gögnum þessum að á aðalfundi A/L Fiskernes Redskapsfabrikk 3. maí 1982 var samþykkt að kaupa hlutabréf í Fiskernes Redskapsindustri A/S að nafnvirði 7.000.000,00 NKR í samræmi við sameignarsamning sem gerður hafði verið. Var stjórn A/L Fiskernes Redskapsfabrikk veitt heimild til að selja í hendur Fiskernes Redskapsindustri A/S allar eignir félagsins til greiðslu á hlutafjárframlagi þess.

Samkvæmt framangreindu bréfi Einars Steinlands var krafa A/L Fiskernes Redskapsfabrikk á hendur áfrýjanda í máli þessu ein af eignum félagsins sem var framseld Fiskernes Redskapsindustri A/S 1. október 1982. Við gjaldþrot þess félags 10. febrúar 1984 varð krafan svo eign Fiskernes Bank.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 12.

október 1983 af Guðmundi Jónssyni héraðsdómslögmanni f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk Finnsnesi í Noregi. Enginn forsvarsmanna félagsins var nefndur í stefnunni. Er áfrýjandi áfrýjaði héraðsdóminum stefndi hann með samsvarandi hætti greindum héraðsdómslögmanni fyrir hönd A/L Fiskernes Redskapsfabrikk fyrir Hæstarétt. Ritaði nafngreindur hæstaréttarlögmaður fyrir hönd Guðmundar Jónssonar á stefnuna að hún væri sér nægilega birt. Er málið skyldi munnlega flutt fyrir Hæstarétti var eigi sótt þing af hálfu A/L Fiskernes Redskapsfabrikk.

Með vísan til þess sem nú hefur verið rakið ber að ómerkja hinn áfrýjaða dómi og vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Áfrýjandi sótti eigi þing í héraði og verður málskostnaður fyrir Hæstarétti því ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. mars 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. febr. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 14. október 1983 af Guðmundi Jónssyni hdl., nnr. 3084-1115, Borgartúni 33, Reykjavík f.h. norska firmans A/L Fiskernes Redskapsfabrikk, Finnsnes, Noregi gegn Jóni Ármanni Héðinssyni, nnr. 5144-6542, Birkigrund 59, Kópavogi til greiðslu skuldar að fjárhæð Nkr. 40.000,00 með 18% ársvöxtum frá 22. febrúar 1980 til greiðsludags og málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að haustið 1973 hafi Óskar Þórhallsson, útgerðarmaður í Keflavík, pantað notaða loðnunót frá stefnanda á Nkr. 70.000,00. Hafi nótin verið flutt hingað til lands með loðnubátnum Guðmundi það haust. Kaupandi hafi hafnað nótinni vegna lélegs ástands hennar og hafi orðið að samkomulagi stefnanda og stefnda að nótinni væri komið fyrir hjá firmanu Hringnót hf. í Hafnarfirði, þar sem stefndi gegndi þá stöðu framkvæmdastjóra, til viðgerðar og breytinga og til að gera hana seljanlegri. Nótin hafi verið í viðgerð í febrúarmánuði 1974 og hafi reikningur Hringnótar hf. hljóðað upp á ísl. kr. 453.071,00 og hafi hann verið greiddur. Hafi nú verið samið um að nótin yrði í vörslum Hringnótar hf. þar til nýr kaupandi fyndist. Hann

hafi ekki fundist og hafi það ekki verið fyrr en starfsmaður stefnanda hafi verið á ferð hér á landi í ársbyrjun 1980, að hann frétti að nótin hefði verið seld. Hafi stefnandi þá gefið stefnda eftirfarandi umboð til sölu nótarinnar fyrir Nkr. 40.000,00 í formi reiknings, dags. 22. febrúar 1980 fyrir andvirði nótarinnar stíluðum á stefnda. Gegn synjun stefnda á sölu nótarinnar hafi Rannsóknarlögregla ríkisins með rannsókn upplýst að stefndi hafi selt nótina vorið 1977 til fyrirtækisins Neptúnusar hf. í Reykjavík fyrir ísl. gkr. 1.281.525,00.

Stefndi hafi eigi fengist til að standa stefnanda skil á stefnukröfunni og í engu sinnt kröfum í þá átt.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum laga nr. 39/1921 um lausafjárkaup og skv. reglum kröfuréttarins um loforð og samninga og reki málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. heimild í 2. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öðru leyti en því, að 11% ársvextir dæmast af stefnufjárhæð frá 22. febrúar 1980 til 21. apríl 1982, en 10% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 17.900,00.

Dóminn kvað upp Kristjana Jónsdóttir ftr. yfirborgardómara.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Ármann Héðinsson, greiði stefnanda Guðmundi Jónsyni hdl. f.h. A/L Fiskernes Redskapsfabrikk, Nkr. 40.000,00 með 11% ársvöxtum frá 22. febrúar 1980 til 21. apríl 1982, en með 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. og kr. 17.900,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
